



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/41*  
*komudagur 4.11.2011*

# Þjóð til þings Stjórnlagaráð 2011



Mynd: Jón Svavarsson

-frumvarp til stjórnarskipunarlaga-

# Efnisyfirlit

- I. Almennt um Stjórnlagaráð og starf þess
- II. Helstu atriði frumvarps til stjórnarskipunarlaga
  - Aðfaraorð
  - I. kafli. Undirstöður
  - II. kafli. Mannréttindi og náttúra
  - III. kafli. Alþingi
  - IV. kafli. Forseti Íslands
  - V. kafli. Ráðherrar og ríkisstjórn
  - VI. kafli. Dómsvald
  - VII. kafli. Sveitarfélög
  - VIII. kafli. Utanríkismál
  - IX. kafli. Lokaákvæði
- III. Framhaldið

# I. Almennt um Stjórnlagaráð og starf þess

- Ályktun Alþingis frá 24. mars 2011:
  - Stjórnlagaráði ætlað að taka við og fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar, undirbúa frumvarp að endurbættri stjórnarskrá og hafa til hliðsjónar við þá vinnu niðurstöður Þjóðfundar 2010.
- Fjölbreyttur hópur 25 fulltrúa með ólíkar skoðanir, menntun og reynslu:
  - Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.
- Stjórn Stjórnlagaráðs:
  - Salvör Nordal var kjörin formaður Stjórnlagaráðs og Ari Teitsson varaformaður. Í stjórn sátu einnig formenn og varaformenn nefnda.
  - Formaður A nefndar var Silja Bára Ómarsdóttir og varaformaður var Örn Bárður Jónsson. Formaður B nefndar var Katrín Fjeldsted og varaformaður var Vilhjálmur Þorsteinsson. Formaður C nefndar var Pawel Bartoszek og varaformaður var Íris Lind Sæmundsdóttir.

- **Starfsreglur og nefndaskipan:**
  - Stjórnlagaráð setti sér starfsreglur og skipti sér í þrjár verkefnanefndir, nefndir A, B og C.
  
- **Helstu umfjöllunarþættir Stjórnlagaráðs voru:**
  - Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
  - Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
  - Hlutverk og staða forseta lýðveldisins.
  - Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.
  - Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
  - Lýðræðisleg þátttaka almennings, m.a. tímasetning og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
  - Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
  - Umhverfismál, þar á meðal um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda.
  - Aðrir umfjöllunarþættir skv. ákvörðun Stjórnlagaráðs.

- **Verkefni A-nefndar voru:**

- Grunnildi, ríkisborgararéttur og þjóðtunga, uppbygging og kaflaskipan stjórnarskrárinnar, náttúruauðlindir og umhverfismál og mannréttindi, þ.á m. þjóðkirkjan.

- **Verkefni B-nefndar voru:**

- Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, hlutverk og staða forseta Íslands, hlutverk og störf Alþingis, ríkisstjórn, störf forseta og ráðherra og verkefni framkvæmdarvaldsins, og staða sveitarfélaga.

- **Verkefni C-nefndar voru:**

- Stjórnlagaráð, lýðræðisleg þátttaka almennings, þ.á.m. stjórnarskrárbreytingar, sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds, alþingiskosningar, kjördæmaskipan og alþingismenn, samningar við önnur ríki og utanríkismál.

- **Vinnutilhögun:**
  - Tillögur nefnda og fulltrúa => kynning/samþykkt í áfangaskjal á ráðsfundi => athugasemdir og erindi frá almenningi og samtökum => umsagnir stofnana og fræðimanna => drög að frumvarpi => breytingartillögur við tvær umræður => samþykkt einstakra greina og frumvarps í heild => frumvarp Stjórnlagaráðs.
- **Almenningur með greiðan aðgang að verkinu:**
  - Kosningar fulltrúa til Stjórnlagabings.
  - Athugasemdir og innsend erindi á vefsetri ráðsins, ásamt öðrum samskiptamiðlum (Facebook, Youtube og Flickr).
  - Væntanleg þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarp Stjórnlagaráðs.
- **Frumvarp til stjórnarskipunarlaga var samþykkt einróma á ráðsfundi Stjórnlagaráðs þann 27. júlí og afhent forseta Alþingis þann 29. júlí 2011.**

## II. Helstu atriði frumvarps til stjórnarskipunarlaga

- Frumvarpið er heildarendurskoðun á núgildandi stjórnarskrá í níu köflum og 114 greinum ásamt aðfaraorðum:
  - Aðfaraorð lýsa helstu gildum stjórnarskrárinnar.
- Megineinkenni íslenskrar stjórnskipunar er óbreytt:
  - Lýðveldisstjórnarform.
  - Lýðræði og þingræði.
  - Þrígreining ríkisvaldsins.
  - Sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar.

- Leiðarstefin eru valddreifing, gegnsæi og ábyrgð:
  - Skýrari aðgreining valdhafa og aukin þátttaka almennings.
  - Aukin upplýsingaskylda opinberra aðila og réttur fjölmiðla.
  - Eftirlits- og fjárstjórnarhlutverk Alþingis eft.
  - Hagsmunaskráning þingmanna og vanhæfisreglur.
  - Reglur um starfsemi og fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda.



- Ákvæði um mannréttindi hafa verið endurskoðuð og færð frammar:
  - Mannhelgi og ítarlegri jafnræðisregla.
  - Réttindi barna stjórnarskrárbundin.
  - Löggjafanum eftirláttin ákvörðun um kirkjuskipan en breytingar á henni skulu lagðar í dóm þjóðarinnar.
- Ákvæði um náttúru Íslands, umhverfi og auðlindir:
  - Auðlindir sem ekki eru í einkaeigu eru „*sameiginleg og æværandi eign þjóðarinnar*“.
  - Sjálfbær þróun og meginreglur umhverfisréttar.
  - Upplýsingaskylda stjórnvalda um umhverfismál og réttur almennings til áhrifa.

- Alþingiskosningar:
  - Yfirlýsing um jafnt vægi atkvæða.
  - Kjördæmavarið landskjör og hlutfallskosning.
  - Val kjósenda um lista eða persónukjör.
  - Löggjafanum eftirlátið að ákveða:
    - Fjölda kjördæma (allt að 8).
    - Fjölda bundinna kjördæmapingsæta (allt að 30).
    - Hvort persónukjör sé þvert á eða innan lista.
    - Hvernig ná á sem jöfnustu hlutfalli karla og kvenna.
    - Breytingar krefjast aukins meirihluta Alþingis.
      - Ákvæði til bráðabirgða um fyrstu breytingu kosningalaga eftir gildistöku með einföldum meirihluta.

- Forseti Íslands:
  - Er þjóðhöfðingi.
  - Getur mest setið þrjú kjörtímabil í embætti.
  - Málskotsréttur til þjóðarinnar virkur.
  - Áfram hlutverk við stjórnarmyndun.
  - Ríkisráð, atbeini forseta til framlagningar stjórnarfrumvarpa, heimild til útgáfu bráðabirgðalaga og atbeini forseta að stjórnarathöfnum fellur brott.
  - Forseti Alþingis fer með forsetavald í fjarveru forseta.

- Ráðherrar og ríkisstjórn:
  - Hámarksseta í embætti 8 ár.
  - Alþingi kýs forsætisráðherra (jákvætt þingræði).
  - Alþingismaður viku af þingi verði hann ráðherra.
  - Ríkisstjórn fjölskipað stjórnvald í vissum málum.
  - Upplýsinga- og sannleiksskylda ráðherra.
  - Hæfni og málefnaleg sjónarmið eiga að ráða við embættisveitingar.
  - Ráðherraábyrgð og bókanir ráðherra.

- **Dómsvaldið:**

- Skipan, lögsaga og sjálfstæði dómstóla.
- Stjórnskipunarvenjur festar í sessi.
  - Stjórnskipulegt gildi laga.
- Skipun dómara og ríkissaksóknara.

- **Sveitarfélög:**

- Aukin sjálfstjórn og nálægðarregla.
- Aukið samráð við sveitarstjórnir.

- Utanríkismál:

- Ákvæði um meðferð utanríkismála.
  - Ráðherra fer með utanríkisstefnu „í umboði og undir eftirliti Alþingis“.
    - Samráð við utanríkismálanefnd.
    - Sérregla um stuðning við beitingu vopnavalds.
- Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga.
  - Samþykki þings í vissum tilvikum.
- Ákvæði um heimild til framsals ríkisvalds.
  - Í þágu friðar og efnahagssamvinnu.
  - Ávallt afturkræft.
  - Þjóðaratkvæðagreiðsla.
- Skyldur skv. alþjóðlegum samningum.

- Stjórnarskrárbreytingar:
  - Samþykki einfalds meirihluta á Alþingi.
  - Þjóðaratkvæðagreiðsla.
  - Sérregla ef 5/6 þingmanna samþykkja.
  - Þá hægt að fella niður þjóðaratkvæðagreiðslu.

### III. Framhaldið

- Úr skilabréfi sem afhent var með frumvarpinu 29. júlí 2011:

*„Stjórnlagaráð væntir þess að sú opna umræða sem fram hefur farið á undanförunum mánuðum um stjórnarskrármál haldi áfram. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingar á stjórnarskrá séu framvegis bornar undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Fulltrúar í stjórnlagaráði eru einhuga um að veita beri landsmönnum öllum færi á að greiða atkvæði um nýja stjórnarskrá áður en Alþingi afgreiðir frumvarpið endanlega. Komi fram hugmyndir um breytingar á frumvarpi stjórnlagaráðs lýsa fulltrúar í stjórnlagaráði sig reiðubúna til að koma aftur að málinu áður en þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram.“*





# Þjóð til þings

## Stjórnlagaráð 2011

Allar nánari upplýsingar um  
Stjórnlagaráð og frumvarpið er að  
finna á vefsíðu ráðsins:  
<http://www.stjornlagarad.is>

Takk fyrir!